

5. fundur skólanefndar vegna Undralands árið 2015, haldinn 28. september 2015 í leikskólanum kl. 17:00. 6. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir sem ritaði fundargerð, Halldóra Halldórsdóttir, leikskólastjóri, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Starfsáætlun og skóladagatal 2015-2016**
- 3. Umbótaáætlun vegna ytra mats**
- 4. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla skólastjóra

- ❖ Haustveðrið hefur farið ljúfum höndum um okkur, við höfum notið veðurbliðunnar og útivera verið allsráðandi.
- ❖ Við fórum af stað fullar eftirvæntingar með faggreinastarf en eftir tveggja vikna prufutíma sáum við að það skipulag sem við lögðum upp með gekk ekki upp, við vorum komnar í tímapressu og börnin nutu ekki stundanna sem skildi. Skipulagið gerði það að verkum að stundaskrá okkar var orðin of þétt og samræmdist ekki hugmyndafræði Reggio Emilia og útikennslan átti einnig undir högg að sækja. Við tókum því skrefið til baka og verðum að hugsa þetta betur. Deildastjórar voru fljótir að bregðast við og hafa sett upp nýtt skipulag fyrir deildina sína og mér sýnist allir vera sáttir.
- ❖ Tvö ný börn byrja á Skógarkoti núna í þessari viku og þarf verulega að huga að fjölgun starfsmanna á þeirri deild enda barnafjöldi per starfsmann í algjöru hámarki.
- ❖ Rifsberjaleiðangrar voru farnir í byrjun september en berin voru óvenju græn þetta árið, allir fóru heim með sultukrukku í lok vikunnar.
- ❖ Samstarf á milli skólastiga er byrjað, Snillingarnir okkar fóru í Flúðaskóla og fengu kynningu á skólanum frá Guðrúnu skólastjóra og svo komu 1. bekkingar til okkar í kartöfluupptöku um miðjan mánuðinn. Uppskeran var ekki mikil og svartir blettir voru

á kartöflunum. Garðyrkjufraeðingurinn tjáði okkur að eitthvað efni vantaði í jarðveginn og þurfum við að bæta það fyrir næstu uppskeru.

- ❖ Elma verður frá í fimm vikur vegna vettvangsnáms og innilotu en hún mun mæta einn dag í viku til vinnu, auglýst var eftir afleysingu sem hefur engan afrakstur borið.
- ❖ Þvottavélin okkar bilaði og var kostnaður við viðgerð hátt í nýja vél og var ákveðið að kaupa nýja í stað viðgerðar.
- ❖ Haustþing 8. deildar Félags leikskólakennara verður haldið föstudaginn 2. október og munum við skunda þangað og hlíða á margskonar erindi um leikskólastarf.

2. Starfsáætlun og skóladagatal 2015-2016

Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun leikskólans fyrir veturinn 2015-2016. Starfsáætlunin er samþykkt af skólanefnd og verður hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

3. Umbótaáætlun vegna ytra mats

Formaður skólanefndar kynnti umbótaáætlun sem unnin var eftir skýrslu um ytra mat leikskólans sem gert var sl. vor.

4. Önnur mál

a) Foreldraráð

Stofnað hefur verið foreldraráð fyrir leikskólann og sitja í því: Hanna Björk Grétarsdóttir, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Fríður Sæmundsdóttir.

b) Starfsmannastefna og gildi starfsmanna leikskólans

Leikskólastjóri kynnti starfsmannastefnu leikskólans og gildi starfsmanna leikskólans.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:55